

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um landshag- 48 skýrslur. 28. apríl

Í brjefi, dagsettu 29. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, beiðzt skýringar á því, hvernig skilja beri orðin: »og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eða sem selja vörur eða sölu annast til útlanda« í 5. gr. laga 8. nóvbr. 1895 um hagfræðisskýrslur. Hafið þjer tekið fram, að þessi orð muni rjett skilin svo, að þau eigi við þá menn, er svipuð störf hafa á hendi sem kaupfjeldagsstjórar eða pöntunarfjeldaga, svo sem þá, er taka að sjer umboð til að selja eða kaupa vörur fyrir aðra, þó ekki sje um neinn fjeldagsskap að ræða, en að þau eigi ekki við það, að einstakir menn panta varning til heimilisparfa handa sjálfum sjer eða því um líkt.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, að stjórnarráðið verður að líta svo á, að hin tilvitnuðu orð laganna eigi einnig við það, er einstakir menn panta varning til heimilisparfa handa sjálfum sjer, og að í þeim felist heimild til að heimta skýrslur einnig af prívatmönnum, er hvorki eru kaupmenn nje kaupfjeldagsstjórar eða þvíumlíkt. Samkvæmt því hafa stöðugt verið heimtaðar skýrslur ekki aðeins af hvalveiðamönnum og öðrum slíkum atvinnurekendum um allt það, sem þeir hafa flutt út og inn af hverskonar vörum til atvinnureksturs síns og handa fólki sínu, heldur hefir einnig opt verið heimtað, að einstök heimili, sem pantað hafa vöru sína svo að nokkru nam, gæfu skýrslur um það, og verður stjórnarráðið að álíta, að lögreglustjórum beri að heimta slíkar skýrslur af þeim mönnum, sem þeim er kunnugt um, að fá vörur frá útlöndum eða flytja þær út, því að aðaltilgangur laganna er að fá sem fullkomnastar upplýsingar um inn- og útfluttar vörur.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um 49 sveitfesti þurfalings. 4. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. marz þ. á., hefir hingað borízt erindi frá hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahreppi, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 26. sept. f. á., að því leyti sem hann ákveður, að Sigurlaug nokkur Kristjánsdóttir skuli teljast sveitlæg í tjeðum hreppi.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að stjórnarráðið telur nefndan úrskurð yðar rjettan, skal hann óhagaður standa.

Úrskurður sýslumanns.

Með brjefi yðar, herra hreppsnefndaroddviti, dags. 9. febr. þ. á., hafið þjer óskað úrskurðar míns um sveitfesti Sigurlaugar nokkurrar Kristjánsdóttur á Syðravatni, er lagt hefir verið síðustu árin af Akrahreppi. Eptir að hafa leitað um-sagnar hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps um mál þetta og tekið lífsferil nefnds þurfalings, er það hjermeð úrskurðað á þessa leið:

Árið 1874 missti Sigurlaug þessi mann sinn og fluttist þá á framfærslu-sveit sína Akrahrepp með tveimur börnum sínum og var annað þeirra þar á sveit-inni í 12 ár eða til ársins 1886. Á þessum árum dvaldi þurfalingurinn fyrst í

6. dag júnímánaðar 1905.

Ísafoldarprentsmiðja.

49 Akrahreppi, en síðan í Lýtingsstaðahreppi og ef til vill annarsstaðar. Vorið 1886
 4. maí kveðst Sigurlaug hafa flutzt að Kimbastöðum í Saudárhreppi og dvalið þar að-
 eins 1 ár og flutzt þá aptur í Lýtingsstaðahrepp og dvalið þar þangað til vorið
 1897, að hún fluttist að Valadal í Seiluhreppi. Oddviti Lýtingsstaðahrepps hefir
 haldið því fram, að ekki væri að marka framburð þurfalingsins, þar sem hann
 að sumu leyti hafi ekki verið í fullu samræmi við vottorð prestsins á Mælifelli,
 og er það rjett að því er snertir veru Sigurlaugar þar fyrir 1886, en hvað veru
 hennar snertir á árunum 1887—1897, hafa engar upplýsingar fengizt, er að neinu
 leyti veiki framburð hennar um að hún hafi þá dvalið öll þau ár samfleytt í
 Lýtingsstaðahreppi og verður því að byggja á framburði þessum, og því að álita
 að hún hafi unnið sjer sveit í Lýtingsstaðahreppi með veru sinni þar, þar sem
 hún á þeim árum engan sveitarstyrk þáði, og þó að hún áður hafi þegið styrk af
 Akrahreppi til uppeldis börnum sínum, þá getur það ekki svipt hana rjetti til að
 vinna sjer sveit annarstaðar eptir að hún var hætt að þurfa styrksins.

Hvað viðvikur kröfu yðar um að fá endurgoldnar þær 40 kr., er þegar
 hafa verið lagðar með Sigurlaugu þessari, virðist ekki næg ástæða til að skylda
 Lýtingsstaðahrepp til að greiða þær, þar sem styrkveiting þessi, er byrjaði 1901,
 ekki var tilkynnt framfærslusveitinni fyrir en síðastliðinn vetur.

50 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu**
 16. maí **um hlunnindi handa sparisjóði Hafnarfjarðar.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Hafnar-
 fjarðar, vill stjórnarráðið hjer með veita nefndum sjóði um 3 ár frá 1. júní næst-
 komandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunn-
 indir nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging
 sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reiknings-
 skil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins
 sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi sjóðsins í fyrirskipuðu formi.
 Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á
 lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til leiðbeiningar og
 birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

51 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Nordurmúlasýslu um**
 18. maí **endurgjald á sveitarstyrk.**

Hreppsnefndin í Geithellahreppi í Suðurmúlasýslu hefir áfrýjað til stjórnar-
 ráðsins úrskurði amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, dags. 4. des. 1903,
 sem skyldar tjeðan hrepp til að endurgjalda Fellahreppi í Nordurmúlasýslu, legu
 og útfararkostnað Guðmundar nokkurs Jónssonar með 89 kr. 76 au.

Málavextir eru þessir. Árið 1901—1902 var Guðmundur Jónsson, sem er
 viðurkenndur sveitlægur í Geithellahreppi vinnumaður á Ormarsstöðum í Fella-
 hreppi. Í marzmánuði 1902 fylgdi hann manni dálitið á leið til Seyðisfjarðar, en